

Minnisblað

Dreifing

Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur

26.05.2017

Tílefni

Íþróttasvæði í Ásgarði – Mat tilboða

Þrír knattspyrnuvöllir -
Knattspyrnugras

16385

Höfundur

VÁÁ/vaa@vso.is

Yfirlit

Mánudaginn 15. maí voru tilboð opnuð í verkinu „Íþróttasvæði í Ásgarði – Þrír vellir – Núverandi æfingavöllur – Tveir nýir æfingavellir – Knattspyrnugras“. Fjórir aðilar skiluðu inn tilboðum í verkið.

Útboðsverkið felst í eftirfarandi:

Nýtt knattspyrnugras og niðurlögn

- ▶ Núverandi æfingavöllur (72x112m) með fjaðurlagi og gráu innfylliefni
- ▶ Tveir nýir æfingavellir I og II, (46x68m) og (44x68m) með fjaðurlagi og gráu innfylliefni

Þær breytingar urðu á vallarstærð núverandi æfingavallar að í stað stækkunar vallarins sem gert var ráð fyrir í útboðsgögnum ákvað verkkaupi að halda vallarstæð óbreyttri og leiðréttist tilboðsupphæðin við samningagerð sem því nemur.

Rif og förgun á núverandi yfirborði

- ▶ Knattspyrnugras og innfylling (6.885m²) – rif og förgun heildarkerfis, mottu og innfyllingar.

Búnaður – Mörk, hornfánar og festingar

- ▶ 7 metra boxmörk ásamt festingum og hvítum baksúlum (2 stk.). Horn- og miðjufánar á aðalvöll (6stk.)
- ▶ 7 metra færanleg boxmörk á hjólum (4 stk.)

Tilboð

Þeir 4 aðilar sem skiluðu inn tilboðum í verkið eru eftirfarandi:

- ▶ Altís (2 tilboð)
- ▶ My Turfs (5 tilboð)
- ▶ Laidarz (1 tilboð)
- ▶ Metatron ehf. (2 tilboð)

Heildarfjöldi tilboða einstakara tilboða er því 10.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir einstakar tilboðsupphæðir og gerð efnis.

Bjóðandi	Tilboð	1. Knattspyrnugras					2. Upprif og flutningur núv. knattsp.grass	3. Mörk og hornfánar	Yfirfarin upphæð	Upplesin upphæð
		1.1 Efni	1.2 Niðurlögn	1.3 Merkingar	1.4 Prófanir	Samtals				
Altis										
Edelgrass Diamondblade EPDMR	1	55.746.000	8.000.000	400.000	1.500.000	65.646.000	5.800.000	1.700.000	73.146.000	73.146.000
Edelgrass Diamondblade EPDMV	2	70.776.000	8.000.000	400.000	1.500.000	80.676.000	5.800.000	1.700.000	88.176.000	88.176.000
My Turfs										
Taishan:TS15	1								71.709.856	71.709.856
DOMO Duraforce 40mm	2								83.057.056	83.057.056
SPORTISCAS9, Revolution 4G	3								139.098.040	139.098.040
Lano Sports: Profoot 4G	4								115.423.000	115.423.000
DOMO Sports: Domo Duraforce 40mm EPDM	5								90.716.416	90.716.416
Laidarz										
ACTGlobal: Master 04 165 EPDMV	1	40.279.680	innif.	innif.	3.400.000	43.679.680	7.542.111	2.477.800	53.699.591	53.699.591
Metatron ehf.										
Polytan - LigaTurf Legend 240 18/4	1	57.827.000	7.363.000	innif.	1.200.000	66.390.000	6.627.000	1.939.000	74.956.000	74.956.000
Polytan - LigaTurf RS+ CP 240 16/4	2	59.763.000	7.363.000	innif.	1.200.000	68.326.000	6.627.000	1.939.000	76.892.000	76.892.000

Í útboðsgögnum koma fram kröfur um að heildarkerfi knattspyrnugrass vallanna þriggja þ.e. bæði knattspyrnugrasið sjálft, fjaðurlagið og fjaðrandi efni (innfylling), skuli uppfylla sameiginlegar kröfur FIFA og UEFA um knattspyrnugrasvelli skv. staðlinum „FIFA Quality Programme for Football Turf, October 2015“. Grasið skal vera með grárrí innfyllingu, EPDM gráu iðnaðargúmmí. Innfalið í tilboði skal vera prófun fyrir tæknilegum eiginleikum á grasinu komnu á endanlegan stað.

Móttekin tilboð voru fjölbreytt. Hluti þeirra var í samræmi við óskir verkkaupa lýst í útboðsgögnum önnur tilboð voru með uppbyggingu eða samsetningu heildarkerfis sem ekki var óskað eftir og því ekki skoðuð frekar.

Mat tilboða

Lægstbjóðandi, Laidarz, með tilboðsupphæð 53.699.591kr. féll frá tilboði sínu. Um tíma var beðið eftir frekari upplýsingum um knattspyrnugrasið sem boðið var en að lokum óskaði bjóðandi eftir að falla frá tilboði sínu.

Næst lægsta tilboð 71.709.856kr., barst frá MyTurfs sem bauð knattspyrnugras frá kínverska framleiðandanum Taishan. Tilboð bjóðanda var ekki skilað inn á formlegan hátt á formi útboðsgagna þar sem einstaka tilboðsliðir eru sundurliðaðir. Bjóðandi skilaði eingöngu inn heildartilboðsupphæð án sundurliðunar. Engin fylgigögn fylgdu tilboðum bjóðanda. Við mat lægsta tilboðs bjóðanda var kallað eftir gögnum sem sýndu fram á að tilboð hans uppfyllti kröfur útboðsgagna. Bjóðandi gat ekki skilað inn slíkum gögnum og því var tilboð hans ekki skoðuð frekar.

Þriðja lægsta tilboð með tilboðsupphæð 73.146.000kr. frá hollenska framleiðandanum EdelGrass, kom frá Altis. Staðallinn „FIFA Quality Programme for Football Turf, October 2015“ sem útboðsgögn taka mið af við mat á gæðum knattspyrnugrassins er nýlegur og endurbættur frá fyrri staðli alþjóðaknattspyrnusambandsins (FIFA 1* og 2*) frá árinu 2012. Að sögn bjóðanda liggja ekki fyrir prófanir frá framleiðanda um að boðið efni með gráu EPDM iðnaðargúmmí sem útboðsgögn fara fram á uppfylli fyrirbyggjandi staðal FIFA. Því er ekki hægt að samþykka fyrirbyggjandi tilboð.

Fjórða og fimmta lægsta tilboð koma frá sama bjóðanda, Metatron, sem býður tvo valkosti frá þýska framleiðandanum Polytan. Þetta er eini bjóðandinn sem getur skilað inn fullum gögnum um umbeðin efni með prófunarskýrslum frá óháðum aðila sem sýna fram á að knattspyrnugrasið uppfylli allar kröfur útboðsgagna.

Metatron hefur viðamikla reynslu við útvegum og frágang knattspyrnugrass á Íslandi og hefur Garðabær góða reynslu af bjóðanda sem hefur uppfyllt að fullu væntingar sem til hans hafa verið gerðar varðandi gæði og frágang þess knattspyrnugrass sem hann hefur boðið auk þess sem hann hefur staðist þau tímamörk tímamörk sem sett hafa verið hverju sinni.

► Efnisgæði og eiginleikar fyrirbyggjandi tilboða frá Polytan

Metatron með efni frá Polytan

Metatron býður efni frá Polytan annars vegar gerðina Ligaturf Legend og hins vegar Ligaturf RS+. Ligaturf Legend er nýlegt og hefur ekki verið lagt áður á Íslandi. Ekki er komin mikil reynsla á þetta knattspyrnugras annars staðar. Ligaturf RS+ hefur verið lagt víða bæði í Evrópu og á Íslandi og komin mjög jákvæð reynsla af þessu efni hér á landi. Eins og áður sagði uppfylla bæði þessi efni þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í útboðsgögnum og skilað er í tilboðunum. Munur á þessum tveimur efnum sem boðin eru hér eru strágerð og fjöldi brúska í grasteppi. Ligaturf efnið sem er eldra og mikil og góð reynsla er komin á það bæði hér á landi og í Evrópu. Boðið efni er með er með þéttleikann 16 brúska/10cm. Þetta efni er slitsterkara en Ligaturf Legend. Minni reynsla er komin á Ligaturf Legend efnið sem er þéttara eða með 18 brúska/10cm.

Yfirlit fyrir velli með Ligaturf RS+:

Meðfylgjandi er yfirlit yfir innlenda velli með þessu yfirborðsefni:

- Ligaturf RS+ 240 EL/25mm – Grá innfylling – Ásgarður – minni æfingavöllur, 2 sparkvelir 2016
- Ligaturf RS+ 240 EL/25mm – Grá innfylling – Álftanesvöllur - 2015
- Ligaturf RS+ 240 EL/25mm – Grá innfylling – Egilshöll - 2015
- Ligaturf RS+ 240 EL/25mm – Grá innfylling – Þróttaravöllur - 2015
- Ligaturf RS 240 EL/25mm – Grá innfylling – Valur - 2008
- Ligaturf RS 240 EL/25mm – Græn innfylling – Höfn í Hornafirði - 2010

Nýhafin er endurnýjun á þremur knattspyrnuvöllum fyrir Reykjavíkurborg þar sem Ligaturf RS+ 240 EL/25mm gras varð fyrir valinu með annarri innfyllingu, grænni EPDM Virgin.

Ligaturf Legend hefur ekki verið lagt hér á landi áður en hefur verið lagt á sex stöðum í Noregi og Svíþjóð.

Í útboðsgögnum er farið fram á knattspyrnugras af bestu fáanlegu gæðum. Í ljósi þeirra gagna sem fylgdu tilboði Polytan má ætla að Ligaturf RS+ sé besta yfirborðsefnið sem Polytan býður upp á og er jafnframt slitsterkara efni en Ligaturf Legend.

► Ábyrgðartími

Ábyrgðartími beggja efna 5 ár. Hér er átt við ábyrgð framleiðanda á göllum á knattspyrnugrasinu.

► Viðhaldsáætlun

Viðhaldsáætlun er fyrirbyggjandi.

► Fylgigögn með tilboði

Með tilboði fylgdu öll umbeðin fylgigögn.

Að undangenginni yfirferð á tilboðum og því sem lýst hefur verið hér á undan er eftirfarandi ljóst.

- Metatron er eini bjóðandi að þessu sinni sem uppfyllir allar kröfur útboðsgagna þám. er fyrirtækið eini bjóðandi sem skilar efnisvottunum fyrir nákvæmlega það efni sem beðið er um.
- Metatron býður tvö efni frá Polytan – annars vegar Ligaturf Legend og hins vegar Ligaturf RS+. Mikil reynsla er komin á Ligaturf RS+ hér á landi og í Evrópu á meðan lítil reynsla er komin á Ligaturf Legend í nágrannalöndunum og engin hér á landi.
- Ligaturf RS+ er með slitsterkari grasþráð en Ligaturf Legend og hentar því betur á fyrirhugaða velli þar sem æfingaálag er mikið.
- Nú þegar er búið að leggja Ligaturf RS+ á minni æfingavöll á Ásgarðssvæðinu og á tvo sparkvelli og er ánægja með þetta yfirborð.

Í ljósi þessa er lagt til að verkkaupi gangi til samninga við Metatron ehf. um efnið Polytan – Ligaturf RS+ sem er tæplega tveimur milljónum herra en Ligaturf Legend en skv. framleiðanda betra gras og er í ljósi reynslu og ánægju notenda að mati VSÓ Ráðgjafar betri kostur við val á knattspyrnugrasi fyrir vellina þrjá á Ásgarðssvæðinu en Ligaturf Legend.

Vilhjálmur Árni Ásgeirsson

Dreifing: Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur Garðabæjar